

Borgarráð

Tónlistarborgin Reykjavík

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um tónlistarborgina Reykjavík eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að móta tillögur um tónlistarborgina Reykjavík og áætlun um framfylgd þeirra í samráði við hagsmunaaðila í tónlistarlífinu.

Greinargerð:

Tónlistarborg byggir á líflegum tónlistariðnaði og tónlistarhagkerfi. Tónlistarborg getur skilað miklum hagrænum, félagslegum og menningarlegum ávinningi auk þess að skapa fjölda starfa. Tónlistarborg er einnig til þess fallin að draga að ungt fólk og tæknifyrirtæki. Í Reykjavík er þegar til staðar blómleg tónlistarsena, gott aðgengi að rýmum og tónleikastöðum auk þess sem í borginni er að finna tónlistarhátíðir, útgáfufyrirtæki og frjósamt umhverfi fyrir gott tónlistarlíf.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Drög að erindisbréfi starfshóps um tónlistarborgina Reykjavík.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um tónlistarborgina Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Tónlistarborg byggir á líflegum tónlistariðnaði og tónlistarhagkerfi. Tónlistarborg getur skilað miklum hagrænum, félagslegum og menningarlegum ávinningi auk þess að skapa fjölda starfa. Tónlistarborg er einnig til þess fallin að draga að ungt fólk og tæknifyrirtæki. Í Reykjavík er þegar til staðar blómleg tónlistarsena, gott aðgengi að rýmum og tónleikastöðum auk þess sem í borginni er að finna tónlistarhátíðir, útgáfufyrirtæki og frjósamt umhverfi fyrir gott tónlistarlíf.

Hlutverk starfshóps:

Að móta tillögur um tónlistarborgina Reykjavík og áætlun um framfylgd þeirra í samráði við hagsmunaaðila í tónlistarlífinu.

Helstu verkefni:

- Að safna upplýsingum um hvað þarf að vera til staðar í tónlistarborg og greina að hvaða marki Reykjavík uppfyllir þær kröfur.
- Greina mögulegan ávinning að því að efla Reykjavík sem tónlistarborg, m.a. í formi starfa sem verða til í kringum tónlist og tónlistarhátíðir og fjölgunar ferðamanna.
- Að kanna kosti og helstu leiðir sem líklegar eru til að efla Reykjavík sem tónlistarborg.
- Að gera tillögur um aðkomu og stuðning Reykjavíkurborgar við tónlistarborgina Reykjavík og einnig hvernig ríkisvaldið geti stutt við tónlistarborgina.
- Kostnaðarmat á tillögum.

Starfshópurinn hafi skýrsluna Mastering a Music City og Seattle Music City og 7 lykilstefnur fyrir tónlistarborgir til hliðsjónar í störfum sínum en þær eru:

- Tónlist og tónlistarvænar reglugerðir (Music and musician-friendly policies), m.a.;
 - Regluverk er tengist tónleikahaldi (m.a. opnunartímar, áfengisleyfi, bílastæðamál).
 - Skipulagsmál (m.a. deiliskipulag).
 - Aðgengi að leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði.
 - Mikilvægast er að skapa stuðningsríkt umhverfi sem styður tónlistarfólk í að geta einbeitt sér að því sem það gerir best - skapa og flytja tónlist.
- Tónlistarskrifstofa (Music Offices);
 - Tengiliður við alla hagsmunaaðila (tónlistarfólk, hagsmunasamtök, opinberar stofnanir osfrv).
 - Leiðir tónlistartengd stefnumál og sér um úrlausn ágreiningsmála.
 - Reynsla tónlistarborga hefur sýnt að þær borgir sem eru með svokallað "single point of contact" fyrir tónlistarsamfélagið eru með skilvirkari stefnu og gengur betur í að koma stefnumálum í verk.
- Tónlistarráðgjafanefnd (Music Advisory Boards);
 - Tenging á milli tónlistariðnaðarins og borgarinnar.
 - Nefnd þar sem saman koma fulltrúar úr tónlistargeiranum en einnig

- sérfræðingar úr tengdum geirum, svo sem ferðamálaíðnaðinum.
 - Nefndin fer yfir mál er tengjast tónlistariðnaðinum og vinnur að því að koma á samstöðu í mikilvægum málum.
4. Samfélagsþátttaka(Engaging the broader community);
 - Þátttaka/aðkoma sem flestra sem verkefnið hefur áhrif á.
 - Tónlistariðnaðurinn samanstendur af mörgum litlum og meðalstórum fyrirtækjum auk einstaklinga sem starfa einnig í öðrum geirum.
 5. Aðgengi að menntun, rýmum og tónleikastöðum (Access to spaces and places);
 - Grundvallaratriði fyrir tónlistarborgir er að framboð af æfinga- og vinnurýmum auk tónleikastaða í mismunandi stærðarflokkum sé nægilegt.
 - Aðgengi að tónlistarmenntun.
 6. Áhorfendaþróun (Audience development);
 - Framboð af mismunandi tónlistarviðburðum.
 - Opnir tónlistarviðburðir eða viðburðir á viðráðanlegu verði fyrir yngri aldushópa til að kynna fyrir þeim mismunandi tónlistarstefnur. Markmiðið er að ala upp betri hlustendur.
 7. Tónlistarferðamennska
 - Áhersla á fjölbreytt framboð tónlistartengdra viðburða sem laða ferðamenn til borgarinnar. Sem dæmi má nefna tónlistarhátíðir (Iceland Airwaves og Jazzhátíð Reykjavíkur, myrkir musikdagar o.fl.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi menningar- og ferðamálasvið (formaður).

Fulltrúi, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Fulltrúar tónlistargeirans.

Starfsmenn:

Starfsmaður frá menningar- og ferðamálasviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn hafi samráð við tónlistargeirann, þ.e. tónlistarfólk, eigendur tónleikastaða, upptökustjóra, hagsmunasamtök og aðra hagsmunaaðila. Þá leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili niðurstöðum til ábyrgðarmanns fyrir lok janúar 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson